

Minnisblað

Dagsetning:	19. desember 2008
Móttakandi:	Til viðskiptavina
Sendandi:	Deloitte – Erling Tómasson / Sigurður Páll Hauksson
Viðfangsefni:	Yfirfærsla bókhalds og uppgjör í erlendri mynt, kostir og gallar

Fyrirvari

Vakin er athygli á að hér er einungis um minnisblað að ræða, enda hefur ekki verið farið ítarlega yfir alla á þætti sem kunna að skipta máli varðandi efni þess. Frekari skoðun kynni að leiða til þess að umfjöllun minnisblaðsins og niðurstöður þess yrðu aðrar en hér eru kynntar. Af þessum sökum tekur Deloitte enga ábyrgð á ályktunum eða ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli minnisblaðs þessa.

Inngangur

Ríkisstjórnin hefur í tengslum við aðgerðarpakka til stuðnings íslenskra fyrirtækja, lagt fram lagabreytingu á ársreikningalögum:

- Fyrirtækjum sem uppfylla að öðru leyti skilyrði laga verður gert kleift að gera ársreikninga upp í erlendri mynt með lagasetningu sem gildir afturvirkir frá 1. janúar 2008.
- Heimild Ríkisstjórnar felst í því að félögum er heimilt að sækja um afturvirkir. Án lagabreytingar hefði ekki gengið að sækja um heimild til færslu bókhalds og uppgjors í erlendri mynt fyrir reikningsárin 2008 og 2009 þ.s. slík umsókn hefði þurft að berast eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.
- Frestur til umsóknar vegna færslu bókhalds og uppgjors í erlendri mynt fyrir reikningsárin 2008 og 2009 er til 30. desember 2008.

Skilyrðin

Í 8. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga kemur fram að Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um slíka heimild:

1. *Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.*
2. *Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.*
3. *Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.*
4. *Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.*

Fyrir liggur frumvarp til breytinga á ofangreindri 8. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sem miðar að því að breyta skilyrðunum meira til samræmis við Alþjóðlega reikningsskilastaðla. Í frumvarpsdrögum er 8. gr. eftirfarandi:

8. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna. Þá skal einnig litið til þeirra gjaldmiðla sem mestu varða við fjármögnun félagsins og varðveislu fjármuna þess.

Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

Mögulegir kostir við yfirfærslu úr ISK yfir í erlenda mynt

- Jákvæð breyting eigin fjár m.v. 31. des 2008.
- Auknir arðgreiðslumöguleikar fylgja sterkara eigin fé.
- Getur leitt til þess að tap 2008 m.v. ISK uppgjör breytist í hagnað.
- Getur aukið möguleika fyrirtækis á því að fá lán erlendis frá, enda sýnt fram á jákvætt/sterkara eigið fé.
- Fyrirtæki hefur möguleika á að draga úr gengissveiflum í reikningsskilum sínum.
- Möguleikar á skattalegu hagræði.

Mögulegir gallar við yfirfærslu úr ISK yfir í erlenda mynt

- Vinna við yfirfærslu mun kalla á ýmsan aukakostnað.
 - Það er ljóst að fyrirtæki þurfa að fara í gegnum ákveðna greiningu, ganga frá umsókn og vinna svo bókhaldsupplýsingar m.v. nýja uppgjörsmýnt. Þessu ferli geta mögulega fylgt ákveðin praktísk mál sem þarf að halda utan um og leysa, t.d. varðandi vsk., launaskil og skattskil sem kalla á aukakostnað.
 - Fjárhagsupplýsingakerfi þarf að vera í stakk búið að vinna útfrá erlendri bókhaldsmýnt. Kostnaður mun falla til við uppfærslu/breytingu á hugbúnaði, en hann mun fara mikið eftir því hvaða kerfi eru til staðar og hve mikla vinnu þarf að leggja í þau. Það er mikilvægt að fara yfir þessa hluti með viðkomandi þjónustuaðila, til þess að gera sér grein fyrir umfangi og kostnaði.
 - Líklega mun yfirfærslan leiða til aukinnar vinnu hjá starfsmönnum, sérstaklega í upphafi.
- Getur leitt til þess að mat á ákveðnum fastafjármunum í lok árs 2008 sé vandasamt og leiði til niðurfærslu á bókfærðu virði. Dæmi:
 - Fasteign keypt 1. feb 2008 á 100.000 USD = 6,5 m.ISK.
 - Bókfært virði 31. des 2008 = 100.000 USD = 14,5 m.ISK (m.v. gengi 4. des 2008).
 - Stendur fasteignin í árslok undir 14,5 m.ISK þegar fasteigna/leigumarkaður hefur gefið mikið eftir?

Önnur atriði og næstu skref

- Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er ekki skammtímalausn heldur breyting til framtíðar. Ef sótt er um heimild og umsókn samþykkt, þá þarf að vinna skv. heimild í næstu 5 ár á eftir.
- Mikilvægt að það sé góð samvinna í gangi milli fyrirtækis, endurskoðanda og þjónustuaðila bókhaldskerfis.
- Það er ekki nóg að horfa bara á hreyfingar erlendu myntarinnar gagnvart ISK, gengi hennar gangvart öðrum myntum sem tengjast rekstrinum skiptir einnig máli.
- Sá tími sem er til stefnu stýttist óðum. Ef byrja á færslu bókhalds í erlendri mynt frá 1. janúar 2009 þá þarf að klára þann undirbúning sem allra fyrst á árinu 2009 til að komast hjá óþarfa vandamálum.
- Mikilvægt að framkvæma grunn greiningu á þeim áhrifum sem yfirfærslan mun hafa og taka ákvörðun byggða á niðurstöðu þeirrar vinnu.
 - Er líklegt að félag fái heimild (viljum vekja athygli á því að það er alls ekki sjálfgefið að félög fái heimild, það verður ávallt að uppfylla sett skilyrði)
 - Hvaða erlenda mynt verður fyrir valinu
 - Hvaða tölulegu áhrif hefði breytingin á rekstur og efnahag 2008

Við hvetjum áhugasama aðila til þess að hafa samband við fyrsta tækifæri til skrafs og ráðagerða, sjá upplýsingar hér að neðan.

- Erling Tómasson, löggiltur endurskoðandi
 - s. 580-3149 / 862-3149
 - erling@deloitte.is
- Sigurður Páll Hauksson, löggiltur endurskoðandi
 - s. 580-3111 / 861-7910
 - sph@deloitte.is